

## Fundargerð

Miðvikudaginn 11. október 2023 kl. 10:00 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar í innviðaráðuneytinu. Fundinn sátu Ágúst Kristinsson, Gísli Hlíðberg Guðjónsson, Guðjón Guðmundsson og Þórey I. Guðmundsdóttir. Fundinn sat einnig Árni Sverrir Hafsteinsson, starfsmaður innviðaráðuneytisins, sem jafnan ritar fundargerð. Á fundinn vantaði einn fulltrúa skipaðan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga en beðið er tilnefningar og skipunar þess nefndarmanns.

### 1. Starf nefndarinnar veturinn 2023-2024

Ræddar voru breytingar á skipun nefndarinnar en Ingibjörg Garðarsdóttir hefur skipt um starfsvettvang og beðið er tilnefningar nefndarmanns í stað hennar. Þá hefur nýr starfsmaður á vegum innviðaráðuneytisins tekið við umsjón nefndarinnar. Farið var yfir starf nefndarinnar á komandi vetri.

### 2. Erindi IRN22010336 frá Einari S. Hálfánarsyni vegna Félagsbústaða hf.

Óskað er álits RogU um meðferð Félagsbústaða hf. í uppgjöri Reykjavíkurborgar. Umræðu frestað til næsta fundar.

### 3. Byggðarsamlög

Ræddur var árangur af breytingum á reglum um skráningu byggðarsamlaga í ársreikningum sveitarfélaga. Umræða heldur áfram á næsta fundi.

### 4. Upplýsingaveita um fjármál sveitarfélaga

Starfsmaður innviðaráðuneytisins ræddi hugmyndir ráðuneytisins um aukna miðlun tímanlegra og tíðra upplýsinga úr fjárhagsbókhaldi sveitarfélaga. Um er að ræða hugmyndavinnu á byrjunarstigi.

Fundi lauk kl. 11:50